

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2018

2019/EES/98/25

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1952 frá 25. október 2017 um að fella niður reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2888/2000 og (EB) nr. 685/2001 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/1952 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1101/89 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Texti 44. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89) í XIII. viðauka við EES-samninginn fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1952, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 116, 28.4.1989, bls. 25.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.